

Nd.

269. Frumvarp

til laga um löggilding verslunarstaðar á Litla Árskógssandi við Eyjafjörð.

Flutningsm.: Bernh. Stefánsson.

1. gr.

Á Litla Árskógssandi í Árskógshreppi í Eyjafjarðarsýslu skal vera löggiltur verslunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar stjórnarráðið hefir ákveðið takmörk verslunarlóðarinnar samkv. lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt ósk hreppsnefndarinnar í Árskógshreppi.